

Alþingi
Erindi nr. P 133/116
komudagur 13.11.2006

Vísindanefnd
Vísinda- og tækniráðs

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

10. nóvember 2006

Umsögn vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs um frumvarp til laga um búnaðarfræðslu

Með bréfi landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. október 2006, fékk vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs til umsagnar frumvarp til laga um búnaðarfræðslu, 189. mál, Háskólinn á Hólum.

Vísindanefnd fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 1. nóvember 2006.

Efling háskóla og kröfur um gæði náms og rannsókna er eitt mikilvægra málefna í stefnu Vísinda- og tækniráðs 2006-2009. Setning háskólalaga, nr. 63/2006 var veigamikilið skref í þá veru að samræma gæðaviðmið háskólanna í landinu og efla þannig gæði háskólamenntunar. Framkomið frumvarp til laga um búnaðarfræðslu tekur mið af háskólalögunum þar sem gert er ráð fyrir því að gæði menntunar Háskólans á Hólum skulu uppfylla skilyrði laga nr. 63/2006.

Vísindanefnd telur að framkomið frumvarp sé eðlilegt næsta skref í þróun háskóla en ekki endanlegt og styður nefndin því þetta frumkvæði. Nefndin vill hvetja til þess að skólinn eigi gott samstarf við aðra háskóla og rannsóknastofnanir á Íslandi og að leitast verði til þess að samnýta sem best kennslu og rannsóknaaðstöðu.

Nefndarmenn voru sammála um að hugtakið „miðstöð“ sem fram kemur í 2. mgr. a. liðar 10. gr. frumvarpsins væri ekki heppilegt. Betra væri að ákvæðið væri orðað með eftirfarandi hætti:

„Í Hólaskóla skal byggja upp færni til kennslu og rannsókna í hrossarækt og hestamennsku, fiskeldi og ferðaþjónustu í dreifbýli.“

F.h. vísindanefndar
Vísinda- og tækniráðs



Edda Lilja Sveinsdóttir
ritari vísindanefndar